



LÆRUM og LEIKUM með hljóðin

D d



Fyrirmæli:

Kennari eða foreldri les og spyr spurninga í framhaldi. Minnið á góða hlustun og eftirtekt!

Hvetjið barnið til að svara í fullum setningum, eftir getu. Í sögu tvö er gott að útskýra jafnóðum hugtökum og orðalag sem er undirstrikað í fyrsta skipti sem sagan er lesin.

D...dadd...dadd... heyrst í Didda þegar hann goggar í tréð



DIDDI SPÆTA

1. Stig

Það var komið kvöld. Diddi spæta hafði verið að gogga í tré allan daginn að leita að maurum. Hann fann ósköp lítið og var svangur. Allt í einu heyrði hann hljóð. Búmm. Hann leit upp og sá epli detta

niður í grasið. Epli var uppáhalds maturinn hans. Diddi spæta flaug niður og borðaði þar til hann varð saddur.

(Spurningar 1 - 4 að neðan eiga við)

2. Stig

Það var komið kvöld. Diddi spæta hafði verið að gogga í tré og vinna allan daginn. Hann hafði leitað og leitað að maurum og skordýrum í gamla visna trénu, án árangurs. Diddi var mjög svangur og þreyttur. Skýndilega heyrði hann dynk, búmm. Hann leit upp og hætti að gogga. Nei, nei, nei, nú var

hann aldeilis heppinn! Það hafði dottið epli af falinni trjágrein beint í grasið. Didda fannst epli algjört lostæti. Hann flaug niður og borðaði sig saddan af safaríku rauðu epli. Það var gaman að lifa, hugsaði Diddi um leið og hann hristi rauðan hausinn.

(Allar spurningar eiga við)

SPURNINGAR

1. Hvað heitir spætan í sögunni?
2. Hvað heyrst í spætunni þegar hún goggar í tréð?
3. Hvað hafði spætan verið að gera allan daginn?
- 4: Að hverju var spætan að leita?
5. Af hverju leit Diddi spæta upp þegar hann var að gogga?
6. Af hverju var spætan heppin?
7. Hvernig var eplið?
8. Hvað þýða þessi orð: visinn, dynkur, lostæti, safaríkt



Skrifaðu stafinn sem vantar:



— ó s —



— ú f a —



— ú k k a —

Nafn: _____